

FMI Lítindi
ðrs 1977

27

FRÁ FÉLAGI RAUNGREINAKENNARA

Hinn 20. ágúst síðastliðinn var haldinn í húsakynnum Menntaskólans í Reykjavík stofnfundur Félags raungreinakennara.

Aðdragandinn að stofnun félagsins var saá að nokkrir kennarar komu saman á heimili Jóns Hafsteins Jónssonar að loknu landsþingi FM á Akureyri sumarið 1976 til þess að ræða stofnun fagkennarafélaga í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði. Mönnum kom saman um það að kennarar í þessum greinum ættu að vera í einu og sama félagi vegna skyldleika greinanna. Á fundinum var kosin fjögurra manna nefnd til að vinna að undirbúningi stofnunar félagsins. Í nefndinni voru Einar H. Guðmundsson MR, Guðmundur Arnlaugsson MH, Ómar Árnason MS og Stefán Briem MH.

Nefndin aflaði gagna um starfsemi sambærilegra félaga á Norðurlöndum og samdi uppkast að lögum fyrir félagið. Boðað var til stofnfundar í húsakynnum Menntaskólans við Hamrahlið 30. ágúst 1976. Á fundinum voru 30 kennarar frá flestum mennta- og fjölbrautaskólum landsins. Rætt var um lagauppkast undirbúningsnefndar og væntanlega starfsemi félagsins. Ákvæðið var að takmarka þátttöku í félagini við raungreinakennara á menntaskólastigi, a.m.k. fyrst um sinn. Ekki tókst að ganga formlega frá stofnun félagsins á þessum fundi, og var honum því frestað. Kosin var bráðabirgðastjórn, og fólk fundurinn henni að undirbúa framhaldsstofnfund og ganga frá tillögu um lög félagsins. Í bráðabirgðastjórn voru kosnir Björn Búi Jónsson MR, Einar H. Guðmundsson MR, Jón Hafsteinn Jónsson MA og Þórir Sigurðsson MS (nú MA).

Bráðabirgðastjórnin tók að sér að annast undirbúning og framkvæmd námskeiða í efnafræði og stjörnufræði sem haldin voru á vegum FM í ágúst 1977. Greinargerð stjórnarinnar um námskeiðin er birt á öðrum stað í blaðinu.

Jón Hafsteinn Jónsson tók að sér að gerast formlegur tengiliður íslenskra raungreinakennara og starfsbræðra þeirra á Norðurlöndum, og sótti hann fund í Danmörku í febrúar 1977 sem haldinn var til þess að undirbúa þing norrænna menntaskólakennara í raungreinum í Óðinsvéum sumarið 1978.

Framhaldsstofnfundur félagsins var síðan haldinn 20. ágúst í MR, og sóttu hann 16 kennarar. Þar voru félagini sett lög og kosin stjórn. Hana skipa Einar H. Guðmundsson MR (formaður), Halldór Halldórsson MH (gjaldkeri) og Ragnar P. Ragnarsson MA (ritari). Í varastjórn eru Björn Búi Jónsson MR og Þorbjörn Friðriksson MS. Endurskoðendur eru Stefán Briem MH og Þórarinn Guðmundsson MR.

Lög félagsins eru birt á öðrum stað í blaðinu. Þar er kveðið á um tilgang félagsins, og mun stjórnin að sjálfsögðu hafa þau að leiðarljósi við val framtíðarverkefna. T.d. er nú verið að kanna möguleika á því að halda námskeið í tölulegri greiningu í ágúst 1978. Félagsfundir verða haldnir eins oft og efni og aðstæður leyfa. Allar ábendingar um áhugaverð fundarefni svo og aðra starfsemi félagsins eru vel þegnar.

Reykjavík, 17. nóv. 1977.

Einar H. Guðmundsson

Halldór Halldórsson

Ragnar P. Ragnarsson

LÖG FÉLAGS RAUNGREINAKENNARA

1. Félagið heitir Félag raungreinakennara og hefur aðsetur í Reykjavík.
2. Tilgangur félagsins er:
 - a) að efla samskipti og samvinnu kennara í stærðfræði, stjörnufræði, eðlisfræði og efnafræði, t.d. með umræðufundum, fréttabréfum og námskeiðum;
 - b) að leitast við að hafa áhrif á skipan náms og kennslu í áðurnefndum greinum, og gæta sameiginlegra hagsmuna félagsmanna;
 - c) að hafa samband við tilsvarandi félög í öðrum löndum og koma fram fyrir hönd félagsmanna á erlendum vettvangi.
3. Félagar geta orðið allir þeir sem kenna stærðfræði, stjörnufræði, eðlisfræði og efnafræði og eru í FM. Stjórn félagsins getur, ef ástæða bykir til, veitt öðrum en áðurnefndum kennurum aðild að félagini. Rísi ágreiningur um aðild að félagini sker aðalfundur úr.
4. Stjórn félagsins skal kosin til eins árs í senn, og skipa hana þrír menn og tveir til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Einnig skulu kosnir tveir endurskoðendur til eins árs í senn.
5. Aðalfund skal halda ár hvert og skal hann boðaður bréflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Hann er löglegur ef löglega er til hans boðað. Á dagskrá eru m.a. öll venjuleg aðalfundarstörf.
6. Félagsgjald skal ákveðið á aðalfundi.
7. Lögum félagsins er aðeins hægt að breyta á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skulu koma fram í fundarboði aðalfundar. Lagabreytingar skoðast samþykktar ef þær hljóta einfaldan meirihluta greiddra atkvæða.